

# Þróun mannréttinda

## Loforð, loforð

Stjórnvöld hafa gefið fjölda loforða um að tryggja mannréttindi á Íslandi! Ef staðið væri við allt það sem þeir hafa lofað að tryggja væri líf okkar friðsælt, öruggt, heilbrigt og þægilegt; löggjöf okkar væri réttlát og veitti öllum sömu vernd, og stjórnsýslan væri gagnsæ og lýðræðisleg og þjónaði hagsmunum fólksins.

Hvað fór þá úrskeiðis? Eitt af smáatriðunum sem gleymdust er það að stjórnámamenn eru rétt eins og við hin og stytta sér oft leið ef þeir komast upp með það! Við þurfum því að vita nákvæmlega hverju hefur verið lofað og ganga úr skugga um að staðið sé við loforðin.



**Gerir þú alltaf það sem þú hefur sagst ætla að gera? Jafnvel þó að enginn minni þig á það?**

## Hver er réttur okkar?

Við vitum að við eigum kröfu á að öll mannréttindi séu viðurkennd. Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna, Mannréttinasáttmáli Evrópu og aðrir alþjóðlegir samningar taka til margvíslegra réttinda svo að við skulum líta á þá í þeirri röð sem þeir þróuðust og voru viðurkenndir af alþjóðasamfélaginu. „Venjulega“ aðferðin við að flokka þessi réttindi er að skipta þeim í „fyrstu, annarrar og þriðju kynslóðar“ réttindi svo að henni verður fylgt í bili, en eins og á eftir að koma í ljós er takmarkað gagn að slíkri flokkun og hún getur jafnvel stundum verið misvísandi.

## Fyrstu kynslóðar réttindi (borgaraleg og stjórn mála ega réttindi)

Fyrst var farið að fjalla um þessi réttindi í fræðilegu samhengi á sautjándu og átjándu öld og þau voru aðallega byggð á stjórn mála ega forsendum. Menn fóru að viðurkenna að það væru vissir hlutir sem hið alvalda ríki ætti ekki að geta gert og að fólk ætti að ráða einhverju um þær reglur sem því væru settar.

Meginhugmyndirnar tvær snerust um **persónulegt frelsi** og um **vernd einstaklingsins fyrir brotum ríkisins**.

- **Borgaraleg** réttindi veita lágmarkstryggingu fyrir líkamlegri og andlegri friðhelgi og leyfa einstaklingnum að hlýða samvisku sinni og sannfæringu; til dæmis rétturinn til jöfnuðar og frelsis, trúfrelsi og skoðanafrelsi, og rétturinn til að sæta ekki pyndingum eða vera líflátinn.
- **Lagaleg** réttindi eru yfirleitt einnig talin til borgaralegra réttinda. Þau veita fólki réttarfarslega vernd í samskiptum við réttarkerfið og stjórnsýsluna; til dæmis vernd gegn frelsisviptingu að geðþótta, réttinn til að teljast sýkn saka þar til sök hefur verið sönnuð fyrir dómi og réttinn til áfrýjunar.
- **Stjórn mála ega** réttindi eru mönnum nauðsynleg til að geta tekið þátt í samfélaginu og þjóðfélaginu; til dæmis kosningarétturinn, rétturinn til að starfa í stjórn mála flokkum, fundafrelsið, skoðanafrelsið og rétturinn til aðgangs að upplýsingum.

„Öll mannréttindi eru algild ódeilanleg, gagnvirk og samtvinnuð.“

Vínaryfirlýsingin

„Fangelsisvistin er ekki vandamálið. Vandamálið er að forðast uppgjöf.“

Nazim Hikmet

„Napur veruleikinn ... er að ríkin og alþjóðasamfélagið í heild umbæra áfram brot á efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum réttindum sem myndu kalla fram skelfingu og reiði og leiða til samhljóma ákalls um skjótar aðgerðir til úrbóta ef þau tengdust borgaralegum og pólitískum réttindum.“

*Yfirlýsing fyrir Vinarráðstefnuna, frá nefnd Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi.*

Mörkin hér á milli eru ekki augljós heldur er þetta bara ein leið – af mörgum – til að flokka ólík réttindi. Flest réttindi falla undir fleiri en einn flokk. Rétturinn til að tjá skoðanir sínar er til dæmis bæði af borgaralegum og stórnámalegum toga. Hann er skilyrði þátttöku í stjórn-málastarfi og er um leið grundvöllur persónulegs frelsis okkar.

### ? Eru öll pólitísk réttindi einnig borgaraleg réttindi?

Nú er borgaralegum og pólitískum réttindum lýst nákvæmlega í Alþjóðasamningnum um borgaraleg og stjórnámaleg réttindi og Mannréttindasáttmála Evrópu um verndun mannréttinda og mannfrelsis. Hefð hefur verið fyrir því víða – að minnsta kosti á Vesturlöndum – að líta á þetta sem mikilvægustu, ef ekki einu raunverulegu mannréttindin. Við komumst að því í næsta kafla að svo er ekki.

Í kalda stríðinu voru löndin í „sovétblokkinni“ harðlega gagnrýnd fyrir að skeyta ekki um borgaraleg og stjórnámaleg réttindi. Þessi lönd svöruðu með því að gagnrýna vestrænu lýðræðisríkin á móti fyrir það að hunsu helstu félagsleg og efnahagsleg réttindi. Það var sannleiksvott að finna hjá báðum aðilum.

### Annarrar kynslóðar réttindi (efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi)

Þessi réttindi snúast um það hvernig fólk býr og vinnur saman og um grundvallarþarfir. Þau eru grundvölluð á hugmyndinni um jöfnuð og tryggan aðgang að nauðsynlegum félagslegum og efnahagslegum gæðum, þjónustu og tækifærum. Þau hlutu aukna alþjóðlega viðurkenningu með iðnbyltingunni og uppgangi verkalýðsstéttarinnar. Þetta hafði í för með sér nýjar kröfur og nýjar hugmyndir um líf með reisn. Fólk áttaði sig á því að líf með reisn útheimti meira en þá lágmarksfriðhelgi sem fékkst með borgaralegu og stjórnámalegu réttindunum.

- **Félagsleg réttindi** eru þau réttindi sem nauðsynleg eru til að hægt sé að taka fullan þátt í þjóðfélaginu. Í þeim felst, að minnsta kosti, réttur til menntunar og rétturinn til að stofna og sjá fyrir fjölskyldu en einnig mörg af þeim réttindum sem oft er litið á sem borgaraleg réttindi: til dæmis rétturinn til tómsunda, heilbrigðisþjónustu og friðhelgi einkalífs og að vera ekki mismunað.
- **Efnahagsleg réttindi.** Til efnahagslegra réttinda telst yfirleitt rétturinn til atvinnu, til viðunandi lífskjara, til húsnæðis og til lífeyris á elliárum eða vegna fötlunar. Efnahagsleg réttindi endurspeglu þá staðreynd að menn verða að njóta tiltekins efnahagslegs öryggis til að geta haldið reisn sinni og einnig t.d. það að skortur á mannsæmandi vinnu eða húsnæði getur verið niðurlægjandi.
- **Menningarleg réttindi** vísa til menningarlegra „lífshátta“ samfélags og fá oft minni athygli en margar aðrar tegundir réttinda. Meðal þeirra er rétturinn til að taka frjálstan þátt í menningarlífi samfélagsins og hugsanlega einnig rétturinn til menntunar. Mörg önnur réttindi, sem ekki eru opinberlega flokkuð sem „menningarleg“, geta verið frumskilyrði þess að minnihlutasamfélög innan þjóðfélags fái varðveitt sérstaka menningu sína: til dæmis rétturinn til þess að vera ekki mismunað og jöfn vernd laganna.

### ? Eru réttindi ólíkra menningarhópa hér á landi takmörkuð? Hvaða trúarhátíðir eru almennir frídagar?

Efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi eru sett fram í Alþjóðasamningnum um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi og einnig í Félagsmálasáttmála Evrópu.

„Í réttinum til þróunar felast óafsalanleg mannréttindi sem veita öllum mönnum og öllum þjóðum rétt til að taka þátt í, stuðla að og njóta efnahagslegrar, félagslegrar og stjórnmálalegrar þróunar þar sem öll réttindi og grundvallarfrelsi geta orðið að veruleika.“

*Fyrsta grein yfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna um réttinn til þróunar.*

## Eru sum réttindi mikilvægari en önnur?

Reynst hefur erfitt að fá félagsleg og efnahagsleg réttindi viðurkennd jafngild borgaralegum og stjórnmalalegum réttindum, af ástæðum sem eru bæði hugmyndafræðilegar og pólitískar. Þó að hinum almenna borgara sýnist augljóst að atriði eins og mannsæmandi lífskjör, húsnæði og viðunandi starfsskilyrði séu frumskilyrði mannlegrar reisnar hafa stjórnmalamenn ekki verið mjög fúsir til að viðurkenna það. Ein ástæðan er vafalaust sú að ef tryggja ætti félagsleg og efnahagsleg grunnréttindi allra í heiminum yrði að skipta verðmætum heimsins upp á nýtt. Stjórnmalamenn átta sig alveg á því að þetta er stefna sem aflar ekki atkvæða.

Þess vegna réttlæta þeir það með margvíslegum hætti að annarrar kynslóðar réttindi skuli vera í öðru sæti. Fyrsta viðbáran er oft sú að félagsleg og efnahagsleg réttindi séu hvorki raunhæf né framkvæmanleg, að minnsta kosti að svo stöddu, og við ættum að stefna að þeim smám saman. Þetta er leiðin sem hefur verið farin í Alþjóðasamningnum um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi; ríkisstjórnir þurfa aðeins að sýna að þær beiti aðgerðum til að ná þessum markmiðum einhvern tíma í framtíðinni. Þessi viðbára er samt umdeilanleg og virðist aðallega byggð á stjórnmalalegum forsendum. Margar sjálfstæðar rannsóknir sýna að það eru nægar bjargar í heiminum, og nægileg sérþekking, til að tryggja að uppfylla mætti grundvallarþarfir allra ef samstillt átak væri gert.

Önnur viðbára er að fræðilegur grundvallarmunur sé á fyrstu og annarrar kynslóðar réttindum; að fyrrgreinda tegundin krefjist þess einungis af stjórnvöldum að þau stilli sig um vissar aðgerðir (þetta eru svokölluð „neikvæð“ réttindi eða s.k. taumhaldsskyldur); en hin réttindin útheimti jákvæð afskipti stjórnvalda (þetta eru „jákvæð“ réttindi eða eða s.k. verknaðarskyldur). Því er haldið fram að ekki sé raunsætt að búast við að ríkisstjórnir taki jákvæð skref, að minnsta kosti að svo stöddu, og því séu þær ekki skyldugar til að gera það. Án nokkurra skuldbindinga af nokkurs hálfu getur ekki verið um nein réttindi að ræða í fullri merkingu þess orðs.

En þessi röksemdafærsla er byggð á grundvallarmisskilningi.

Í fyrsta lagi byggja borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi ekki eingöngu á því að stjórnvöld haldi að sér höndum. Eigi til dæmis að tryggja að menn þurfi ekki að sæta pyndingum er ekki nóg að stjórnvöld forðist að beita pyndingum! Flókið eftirlitskerfi þyrfti til að pyndingar ættu sér ekki stað; löggæslukerfi, löggjöf, upplýsingafrelsi og aðgengi eftirlitsaðila að varðhaldsstöðum – og margt fleira. Hið sama á við um tryggingu kosningaréttar og allra annarra borgaralegra og stjórnmalalegra réttinda. Með öðrum orðum, borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi krefjast bæði aðgerða og aðgerðaleyfis af hendi stjórnvalda; þau eru hvort tveggja „jákvæð“ og „neikvæð“.



### Hvaða jákvæðu aðgerðir stjórnvalda eru nauðsynlegar til að tryggja algerlega frjálsar og sanngjarnar kosningar?

Í öðru lagi kalla félagsleg og efnahagsleg réttindi á það, alveg eins og borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi, að stjórnvöld forðist tiltekna aðgerðir; veiti til dæmis fyrirtækjum ekki stórfelldan skattafslátt eða ýti undir þróun á svæðum sem þegar hafa forskot á önnur eða setji á viðskiptatolla sem refsir þróunarlöndum – o.s.frv.

Í rauninni eru hin ýmsu réttindi mun tengdari en þau virðast vera. Efnahagsleg réttindi fléttast saman við stjórnmalaleg réttindi og borgaraleg réttindi verða oft ekki greind frá félagslegum réttindum. Greinarmunur á þessum réttindum getur gefið grófa heildarmynd en kann einnig að vera mjög misvísandi. Nánast öll réttindi geta fallið undir hvaða flokkun sem er undir ólíkum kringumstæðum.

„Mannréttindi hefjast á morgunverði.“

Léopold Senghor

„Fyrst kemur maturinn, svo síðgæðið.“

Bertold Brecht

„Menning er það sem lifir áfram í mannum þegar hann hefur gleymt öllu.“

Emile Henriot

## Þriðju kynslóðar réttindi (hópréttindi/samstöðuréttindi)

Listinn yfir alþjóðlega viðurkennd mannréttindi hefur ekki alltaf verið eins. Þó að ekki hafi verið deilt um þau réttindi sem rakin eru í Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna þau rúm sextíu ár sem hún hefur verið til hafa nýir samningar og sáttmálar varpað ljósi á og þróað áfram ýmis þau grundvallarhugtök sem sett eru fram í Mannréttindayfirlýsingu.

Nýir mannréttindasamningar verða til af ýmsum orsökum: að sumu leyti eru þeir viðbrögð við breyttum hugmyndum um virðingu mannsins, framfarir í tækni og vísindum geta einnig verið ástæða og sömuleiðis nýjar ógnir sem steðja að. Hinn nýi flokkur mannréttinda, svokölluð **þriðju kynslóðar** mannréttindi, er til kominn vegna aukins skilnings á þeim hindrunum sem geta verið á framkvæmd fyrstu og annarrar kynslóðar réttindanna. Aukin hnattvæðing hefur einnig leitt í ljós hvað gera má til að fjarlægja þessar hindranir.



### Hvað stendur helst í vegi fyrir því að mannréttindi séu að fullu virt í þróunarlöndunum? Að hvaða réttindum er helst vegið?

Grunnhugmynd þriðju kynslóðar réttinda er hugmyndin um **samstöðu**; og réttindin taka til **sameiginlegs réttar þjóðfélaga eða þjóða** – svo sem réttarins til sjálfbærrar þróunar, til friðar eða heilsusamlegs umhverfis. Í stórum hluta heimsins hafa aðstæður eins og sár fátækt, stríðsástand og vistfræðilegar eða náttúrulegar hamfarir hindrað mjög framgang mannréttinda. Af þessari ástæðu hefur mörgum fundist nauðsynlegt að nýr flokkur mannréttinda yrði viðurkenndur; þessi réttindi myndu tryggja viðunandi skilyrði fyrir samfélög, einkum í þróunarlöndunum, til að geta veitt þau fyrstu og annarrar kynslóðar réttindi sem þegar hafa verið viðurkennd.

Þau sérstöku réttindi sem oftast eru talin til þriðju kynslóðar réttinda eru rétturinn til þróunar, til friðar, til heilsusamlegs umhverfis, til að njóta sameiginlegrar arfleifðar mannkynsins, til samskipta og til mannúðaraðstoðar.

En deilt er um þennan nýja flokk réttinda. Sumir sérfræðingar mótmæla þeirri hugmynd að sameiginleg réttindi, réttindi allra, geti kallast „mann“réttindi. Í skilgreiningunni á mannréttindum felst að þau tilheyra einstaklingum og snúast um einstaklingshagsmuni sem eiga að ganga fyrir öllum hagsmunum þjóðfélags eða þjóðfélagshópa. Á hinn bóginn tilheyra sameiginleg réttindi samfélögum eða jafnvel heilum ríkjum.

Deilan snýst ekki svo mjög um tilvist réttindanna, heldur frekar hvort flokka skuli þau sem mannréttindi. Hér er ekki aðeins deilt um merkingu orða; sumir óttast hreinlega að með slíkri breytingu á hugtakanotkun geti harðstjórnir „réttlætt“ það að hafna mannréttindum (einstaklinga) í nafni þessara sameiginlegra réttinda; til dæmis að skerða borgaraleg réttindi verulega til að tryggja „efnahagslega þróun“. Þá eru önnur mótrök sem stundum koma fram: þar sem það er ekki ríkið heldur alþjóðasamfélagið sem á að standa vörð um þriðju kynslóðar réttindi er ómögulegt að tryggja að þeirra sé gætt. Hver eða hvað á að bera ábyrgð á því að friður ríki í Kákasuslöndunum eða Palestínu?

Hvað sem við kjósum að kalla þau er þó almennt viðurkennt að alþjóðasamfélagið þarf að kanna þessi svið betur og gefa þeim meiri gaum. Sum sameiginleg réttindi hafa þegar verið viðurkennd, einkum í Mannréttindasáttmála Afríku. Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna kveður á um sjálfsákvörðunarréttinn og réttur mannsins til þróunar var árettaður með Yfirlýsingu allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna um réttinn til þróunar frá 1986.

„Hverjum manni ber réttur til þess að [...] eiga þátt í framförum á sviði vísinda og verða aðnjótandi þeirra gæða, er af þeim leiðir“.

Mannréttindayfirlýsingin, 27. gr.

## Framfarir í vísindum

Nýju réttindin hafa verið viðurkennd á sviði læknávisinda. Nýjar vísindalegar uppgötvanir hafa vakið margar spurningar sem tengjast mannréttindum, einkum á sviði erfðatækni og ígræðslu líffæra og vefja. Glíma verður við spurningar um sjálft eðli lífsins vegna framfara á báðum þessum sviðum. Evrópuráðið hefur brugðist við þessum spurningum með alþjóðlegum samningi: Samningnum um mannréttindi og líflæknisfræði. Þessi samningur gekk í gildi í desember 1999.

Í febrúar 2009 hafði hann verið undirritaður af 34 aðildarríkjum Evrópuráðsins og fullgiltur í 21 landi. Þar eru ákvæði um sum af þeim áleitnu vandamálum sem var lýst í kaflanum hér á undan.

Ágrip af mikilvægustu greinum:

- Óheimilt er að mismuna nokkrum manni á grundvelli erfðastofns.
- Aðeins er heimilt að gera erfðafræðilegar prófanir í lækningaskyni, en ekki, til dæmis, til að segja fyrir um líkamleg einkenni sem þróast munu hjá barni síðar á ævinni.
- Inngrip, sem hafa það að markmiði að breyta genamengi mannsins, eru eingöngu heimil í því skyni að fyrirbyggja, greina eða lækna sjúkdóma.
- Óheimilt er að nota læknisfræðilegar aðferðir, sem auðvelda getnað, í þeim tilgangi að velja kyn ófædds barns.
- Óheimilt er að taka líffæri eða vefi úr lifandi gjafa til ígræðslu nema til þess að lækna líffæraþegann. (21. grein – Bann við fjárhagslegum ávinningi.)

## Líftækni

Erfðatækni kallast sú aðferð að breyta arfbundnum einkennum lífveru á fyrirfram ákveðinn hátt með því að breyta erfðæfni hennar. Framfarir á þessu sviði hafa leitt til harkalegra deilna um margvísleg álitamál sem snerta siðfræði og mannréttindi, til dæmis hvort leyfa eigi breytingar á kímfrumum þegar þær leiða til varanlegrar erfðabreytingar lífverunnar í heild og næstu kynslóða eða hvort leyfa eigi æxlun klónaðrar lífveru úr einstökum erfðavísi hjá mönnum ef hún er leyfð í músum og sauðfé.

Framfarir í líflækningatækni hafa einnig leitt af sér þann möguleika að græða líffæri eða vefi úr fullburða einstaklingum eða fósturum úr einum líkama í annan. Eins og erfðatæknin gefur þetta stórkostlega möguleika á að bæta líf fólks og jafnvel að bjarga mannlífum – en vert er að íhuga sum vandamál sem þessar framfarir skapa:

- Á alltaf, þegar hægt er, að reyna að bjarga lífi með því að nota líffæri úr látnum manni? Eða ber einnig að virða látið fólk?
- Hvernig getum við tryggt að allir sem á þurfa að halda eigi jafna möguleika á ígræðslu ef takmarkað framboð er á líffærum?
- Ættu að vera lög um varðveislu líffæra og vefja?
- Ef læknisfræðilegt inngrip raskar erfðamengi einstaklings og lífi hans eða lífsskilyrðum stafar hætta af, á hann þá rétt á bótum? Á að kæra fyrir morð ef einstaklingurinn deyr?

„Allar tilraunir til að búa til mannveru sem er erfðafræðilega nákvæmlega eins og önnur mannvera, hvort sem hún er lífs eða líðin, eru bannaðar.“

*Viðbótarbókun við samninginn um mannréttindi og líflæknisfræði, París 1998*

## Menningarmála- stofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO)

UNESCO hefur einnig fjallað sérstaklega um erfðamengi mannsins, og 10. nóvember 1997 samþykkti allsherjarþing UNESCO alhliða yfirlýsingu um erfðamengi mannsins og mannréttindi. Í þessari yfirlýsingu eru sett fram svipuð takmörk við læknisfræðilegu inngripi í erfðamengi mannskynsins og í erfðamengi einstaklinga.

## Heimildir

Symonides, Janusz ritstj., *Human Rights: New Dimensions and Challenges. Manual on Human Rights*, UNESCO/Dartmouth Publishing, París, 1998.

Donnelly, Jack, *Universal Human Rights in theory and practice*, Cornell University Press, 1989.

Robertson A. og Merrills J., *Human rights in the world*, Manchester University Press, 1996.

Vefsvæði Evrópuráðsins um siðfræði lífvisinda: [www.coe.int/T/E/Legal\\_affairs/Legal\\_cooperation/Bioethics/](http://www.coe.int/T/E/Legal_affairs/Legal_cooperation/Bioethics/).